

***Dreifibréf til: Eftirlitsskyldra aðila, útgefenda skráðra verðbréfa, Kauphallaraðila og Kauphallar Íslands hf., dags. 8. nóvember 2005.***

### **Útfærsla á stefnu um upplýsingagjöf um athuganir á verðbréfamarkaði.**

Þann 7. júlí sl. birti Fjármálaeftirlitirlitið stefnu sína um upplýsingagjöf vegna athugana á verðbréfamarkaði á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið hefur nú útfært frekar framkvæmd stefnunnar og þykir ástæða til að upplýsa um það. Áður en til þess kemur þykir rétt, samhengisins vegna, að birta umrædda stefnu:

"Með breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 (vv1.) er Fjármálaeftirlitinu heimilað frá og með 1. júlí 2005 að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laganna, nema slík birting verði talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, hún varði ekki hagsmuni hans sem slíks eða hún valdi hlutaðeigandi aðilum tjóni sem er ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Í 72. gr. laganna er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið birti opinberlega stefnu sína við framkvæmd slíkrar birtingar.

#### 1. gr.

*Upplýsingagjöf um meðferð tiltekins máls sem komið hefur til opinberrar umfjöllunar.*

Komi tiltekið málefni til umfjöllunar á opinberum vettvangi og spurningar vakna um hvort þörf sé athugunar Fjármálaeftirlitsins er upplýst um hvort málið sé til athugunar eða hvort ákveðið hafi verið að taka málið ekki upp. Leitast er við að gefa upplýsingarnar að eigin frumkvæði á heimasíðunni, [www.fme.is](http://www.fme.is), en að öðrum kosti eru upplýsingar veittar ef eftir því er leitað.

Upplýsingar samkvæmt 1. mgr. eru veittar eins fljótt og kostur er eftir að athugun er hafin enda eigi takmarkanir á upplýsingagjöf skv. 2. gr. ekki við. Að jafnaði fylgir ekki rökstuðningur ákvörðun um að mál séu tekin til athugunar eða ekki.

Ekki er almennt greint frá máli og meðferð þess fyrir en niðurstöður liggja fyrir, hafi málefnið ekki komið til umfjöllunar á opinberum vettvangi. Þó eru slíkar upplýsingar veittar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins ef vitneskja um málefni varðar hagsmuni viðskiptamanna eða almennings.

#### 2. gr.

*Upplýsingagjöf um niðurstöður athugana á verðbréfamarkaði.*

Fjármálaeftirlitið birtir almennt opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða lög nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, hún varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem er ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir.

Fjármálaeftirlitið getur frestað eða dregið úr upplýsingagjöf ef fyrirfram má ætla að upplýsingagjöfin leiði til þess að athugun nái ekki markmiði sínu ef upplýst væri um hana. Þegar niðurstæða af athugun Fjármálaeftirlitsins er sú að greina beri ríkislögreglustjóra frá máli kunna rannsóknarhagsmunir að takmarka upplýsingagjöf um málið af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingar um niðurstöður einstakra athugana á heimasíðu sinni. Tilkynning er send til fjölmiðla ef hagsmunir viðskiptavina eða almennings krefjast þess. Að jafnaði eru birtar samandregnar niðurstöður, en ekki bréf, skýrslur eða úrskurðir í heild sinni.

Fjármálaeftirlitið tekur ekki þátt í opinberri umræðu um niðurstöður mála sem birtar hafa verið skv. 1. mgr., nema brýn ástæða sé til þess að mati Fjármálaeftirlitsins."

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að útfærsla framangreindrar stefnu verði með eftirfarandi hætti:

Meginreglan er sú að Fjármálaeftirlitið birtir samandregnar niðurstöður í málum og athugunum er varða vvl. nema hagsmunir þeir sem tilgreindir eru í 2. gr. stefnunnar réttlæti undanþágu. Í því felst að þegar Fjármálaeftirlitið hefur tekið ákvörðun um aðgerðir á grundvelli vvl., t.a.m. tekið ákvörðun um stjórnvaldssektir, mun eftirlitið almennt birta nafn hlutaðeigandi aðila ásamt helstu málavöxtum nema sérstakar ástæður réttlæti undanþágu frá nafnbirtingu. Birt verður að loknum málshöfðunarfresti, eða eftir atvikum, þegar niðurstaða dómstóls liggur fyrir. Ógildi dómstóll ákvörðun eftirlitsins mun niðurstaða málsins engu að síður verða birt ónafngreind. Fjármálaeftirlitið mun hins vegar ekki birta sérstaklega ákvarðanir sínar um að ekki sé tilefni til aðgerða, nema í þeim tilvikum þegar mál hafa fengið opinbera umfjöllun, sbr. 1. gr. stefnunnar.

Þegar Fjármálaeftirlitið hefur lokið athugunum á starfsháttum frjármálafyrirtækja hvað varðar framkvæmd vvl., s.s. um óhlutdrægni og jafnræði gagnvart viðskiptavinum, bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla, framkvæmd aðskilnaðar starfssviða (kínamúra), og fleira skv. II. kafla vvl., mun eftirlitið almennt birta samandregna nafngreinda niðurstöðu eftir að hafa gefið viðkomandi frjármálafyrirtæki tækifæri til athugasemda.

Fjármálaeftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að veita almenna undanþágu frá meginreglunni um nafnbirtingu í eftirfarandi tilvikum:

### *1. Birting stjórnvaldssekta annarra en stjórnenda og útgefenda*

Fjármálaeftirlitið mun almennt birta nöfn þeirra sem sektaðir hafa verið, ásamt stuttri málavaxtalýsingu og sektarfjárhæð. Einungis verða þó birta nöfn útgefenda og/eða innherja sem hafa fengið stjórnvaldssekt á grundvelli 62. og 63. gr. vvl., ef þeir falla einnig undir 64. gr. laganna. Samkvæmt 64. gr. vvl. ber útgefanda að senda upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda (og viðskipti útgefanda með eigin bréf) til Kauphallar Íslands sem síðan ber að birta þær upplýsingar opinberlega að nánari skilyrðum uppfylltum. Er þessi krafa um opinbera birtingu vegna hagsmuna markaðarins af því að geta fylgst með viðskiptum stjórnenda og útgefenda þar sem slík viðskipti geti haft áhrif á gengi bréfa útgefenda. Viðskipti innherja sem ekki falla undir 64. gr. ber hins vegar einungis að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins og eru því ekki opinber. Með vísan til framangreinds telur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að nafngreina innherja sem ekki falla undir 64. gr. laganna og mun í þeim tilvikum einungis birta málavaxtalýsingu og sektarfjárhæð. Hafi hins vegar innherji, sem ekki fellur undir 64. gr., gerst brotlegur við framangreind ákvæði oftast en tvisvar sinnum á þriggja ára tímabili mun Fjármálaeftirlitið birta nafn hans, sektarfjárhæð og málavaxtalýsingu varðandi þau brot.

### *2. Birting á ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um að skýra lögreglu frá brotum*

Ákveði Fjármálaeftirlitið að skýra lögreglu frá brotum á ákvæðum vvl. mun eftirlitið almennt birta ónafngreinda samantekt á málavöxtum og að lögreglu hafi verið greint frá málinu, standi

rannsóknarhagsmunir því ekki í vegi. Hafi mál verið til opinberrar umfjöllunar kemur þó til greina að Fjármálaeftirlitið nafngreini aðila. Þegar niðurstaða liggur fyrir hjá lögreglu mun Fjármálaeftirlitið upplýsa um slíkt, nafngreint ef gefin hefur verið út ákæra en ónafngreint ef ekki hefur þótt tilefni til ákæru.

Að svo stöddu hefur Fjármálaeftirlitið ekki mótað frekari almennar undanþágur frá meginreglunni um nafnbirtingu. Hins vegar kann tíminn að leiða nauðsyn þess í ljós og mun Fjármálaeftirlitið leitast við að upplýsa um almennar undanþágur jafnóðum. Rétt er að áréttu að framangreint hagsmunamat getur leitt til undanþágu í einstökum tilvikum án þess að hægt verði að móta um það almenna reglu. Fjármálaeftirlitið setur þann fyrirvara við framangreinda útfærslu að hún getur breyst og mun eftirlitið upplýsa um slíkar breytingar.

Bréf þetta er til áréttingar þeirri stefnu sem þegar hefur verið kynnt og tekur stefnan og útfærslan á henni til allra mála og athugana er hófust eftir 1. júlí 2005 og verður lokið af hálfu Fjármálaeftirlitsins eftir dagsetningu þessa bréfs. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til eftirlitsskyldra aðila og þeirra aðila sem skráð hafa verðbréf í Kauphöll Íslands hf. að kynna sér stefnuna vel og jafnframt kynna hana þeim aðilum er hana varða, t.a.m. innherjum.